

**Reykjavíkurborg**thorsteinnrh@reykjavik.is / usk@reykjavik.is**Til samþykktar: Tillaga Vegagerðarinnar um lækkun hámarkshraða á Breiðholtsbraut 413-01**

Með vísan til 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 varðandi „Sérákvæði um notkun vega, hraðamörk ofl.“ sendi ég undirritaður hér með til samþykktar hjá Reykjavíkurborg og lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu tillögu vegapjónustudeildar þjónustusviðs Vegagerðarinnar um lækkun hámarkshraða á Breiðholtsbraut 413-01. Um er að ræða lækkun hámarkshraða á Breiðholtsbraut 413-01 í 60 km/klst. frá Suðurlandsvegi að Jaðarseli stöð 0-2850.

Breiðholtsbraut, 413-01, er eini þjóðvegurinn í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu í dag með umferðarljós þar sem leyfður er hærri hámarkshraði en 60 km/klst. Í ritinu „Þjóðvegir í þéttbýli - Leiðbeiningar 2010“ kemur eftirfarandi fram í kafla 3, Umferð og hraði, í grein um leyfilegan hámarkshraða hærri en 50 km/klst. „Þar sem umferðarljós eru skal hraði ekki vera hærri en 60 km/klst..“ sjá viðhengi.

Með tilliti til umferðaröryggis er ekki æskilegt að vera með breytilegan hámarkshraða á tiltölulega stuttum vegarkafli með svo mörgum tengingum eins og þarna eru. Einnig má nefna að akstursstefnur á Breiðholtsbraut eru ekki aðgreindar og aðstæður því óöruggari en á mörgum leiðum með 60 km hámarkshraða.

Svar óskast sent sem fyrst undirritaðs.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Guðmundur Ragnarsson
Verkefnastjóri
Vegapjónustudeild

Undirskrift

Síða 1/1

Vegagerðin
Borgartún 5-7
105 Reykjavík
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin@vegagerdin.is



Tillaga vegabjónustudeildar þjónustusviðs Vegagerðarinnar um lækkun hámarkshraða á Breiðholtsbraut 413-01

Þetta er tillaga vegabjónustudeildar þjónustusviðs Vegagerðarinnar um lækkun hámarkshraða á Breiðholtsbraut 413-01 í 60 km/klst. frá Suðurlandsvegi að Jaðarseli stöð 0-2850.

Núverandi hámarkshraði á Breiðholtsbraut 413-01 er eftirfarandi: Frá stöð 600 að stöð 2850 er í dag 70 km hámarkshraði og frá stöð 2850 og áfram til vesturs er 60 km hámarkshraði á klst. Engar hraðamerkingar frá stöð 0 – 600 þannig að á þeim kafla má gera ráð fyrir að sé 90 km hámarkshraði sem er lögbundinn hámarkshraði á bundnu slitlagi.

Í ritinu „Þjóðvegir í þéttbýli - Leiðbeiningar 2010“ kemur eftirfarandi fram í kafla 3, Umferð og hraði, í grein um leyfilegan hámarkshraða hærri en 50 km/klst.

„*Þar sem umferðarljós eru skal hraði ekki vera hærri en 60 km/klst.*“ sjá viðhengi.

Breiðholtsbraut, 413-01, er eini þjóðvegurinn í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu í dag með umferðarljós þar sem leyfður er hærri hámarkshraði en 60 km/klst.

Tengingar á þessari leið eru í stöð 480 Selásbraut, stöð 1280 Vatnsveituvegur að hesthúsahverfinu í Víðidal, stöð 1900 Vatnsendahvarf, stöð 2300 fyrirhuguð ljósastýrð gatnamót við nýjan Arnarnesveg og stöð 3000 Jaðarsel.

Það er ekki æskilegt með tilliti til umferðaröryggis að vera með breytilegan hámarkshraða á tiltölulega stuttum vegarkafla með svo mörgum tengingum. Einnig má nefna að akstursstefnur á Breiðholtsbraut eru ekki aðgreindar og aðstæður því óruggari en á mörgum leiðum með 60 km hámarkshraða.

Í ljósi þess sem hér er fram komið varðandi aðstæður ásamt því sem mælt er með í áðurnefndu leiðbeiningarriti, „Þjóðvegir í þéttbýli - Leiðbeiningar 2010“, leggur vegabjónustudeild til að hámarkshraði á Breiðholtsbraut 413-01 verði lækkaður í 60 km/klst. frá stöð 0 að stöð 2850.

Tillagan hefur verið send umferðardeild og höfuðborgarsvæði Vegagerðarinnar til umfjöllunar þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við hana. Framkvæmdastjóri þjónustusviðs Vegagerðarinnar hefur samþykkt að tillagan verði send til sveitarfélagi og lögreglu til staðfestingar

Í 84 gr. Umferðarlaga nr. 77/2019 kemur m.a. fram eftirfarandi: „*Hraðamörk á þjóðvegum í þéttbýli skulu ákveðin að fengnu samþykki viðkomandi sveitarstjórnar og lögreglu*“.

Samkvæmt því er þessi tillaga send viðkomandi sveitarfélagi og lögregluyfirvöldum til endanlegrar samþykktar.

Mars 2021

Guðm. Ragnarsson

Guðmundur Ragnarsson

Verkefnastjóri

Vegabjónustudeild

Hraðamerkingar B26.60 komi á eftirfarandi stöðvar á 413-01:

Stöð	vk í stöðvarst.	hk í stöðvarst.	Skýring
50		B26.60	Sunnan hringtorgs
420	B26.60		Selásbraut
600		B26.60	Selásbraut
1165	B26.60		Vatnsveituvegur
1380		B26.60	Vatnsveituvegur
1800	B26.60		Vatnsendahvarf
1965		B26.60	Vatnsendahvarf
2860	B26.60		Austan Jaðarsels



Mynd 1 Yfirlit yfir merkingar eftir lækkun hámarkshraða



Mynd 2 Núverandi hraðamerkingar í stöð 2860



Mynd 3 Núverandi bannmerki á 413-01 stöð 01 að stöð 2000



Mynd 4 Núverandi bannmerki á 413-01 frá stöð 2000 að stöð 3000



Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2021030072

18. mars 2021

Tillaga Vegagerðarinnar um lækkun hámarkshraða á Breiðholtsbraut

Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar hefur borist hjálögð tillaga Vegagerðinnar, dags. 16. mars 2021 um lækkun á leyfilegum hámarkshraða á Breiðholtsbraut á kaflanum frá Suðurlandsvegi að Jaðarseli, úr 70 km/klst. í 60 km/klst.

Í samræmi við 3. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, skal hámarkshraði á þjóðvegum í þéttbýli ákveðinn af Vegagerðinni, að fengnu samþykki viðkomandi sveitarstjórnar og lögreglu. Með vísan til viðauka 1.1. um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, er erindið framsent skipulags- og samgönguráði til afgreiðslu.

Með vísan til þeirra forsendna sem fram koma í erindinu, er lagt til að tillaga Vegagerðarinnar verði samþykkt.

Fyrir hönd skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar

Þorsteinn R. Hermannsson

Samgöngustjóri

Hjálagt:

1. Erindi Veggerðarinnar, dags. 16. mars 2021.

